



Takmörk bannsvæðisins.

**Vesturtakmörk:** Lína frá Akranesvita til staðar á  $64^{\circ} 15'$  n.brd. og  $22^{\circ} 07'$  v.lgd., þaðan í Kerlingarsker ( $64^{\circ} 09' 2''$  n.brd.,  $22^{\circ} 03' 4''$  v.lgd.).

**Austurtakmörk:** Lína frá Krossvíkurvita ( $64^{\circ} 18' 9''$  n.brd.,  $22^{\circ} 03' 4''$  v.lgd.) í austur-rönd Akureyjar og þaðan í land.

**Norðurtakmörk:** Ströndin við Akranes.

**Suðurtakmörk:** Lína frá Kerlingarskeri í Gróttuvita, og síðan norðausturströnd Seltjarnarness.

### Auglýsing frá ríkisstjórninni í 50. tbl. Lögbirtingablaðsins 1940, um umferðahöft vegna hernaðaraðgerða Breta.

Fyrir hernaðaraðgerðir Breta er umferð á svæði á Seltjarnarnesi og á Hval-eyri sunnan Hafnarfjarðar háð eftirliti, og verða þau svæði afgirt með gaddavír.

Eftirlitið nær sérstaklega til þeirra, er ekki eiga heimili innan hins afgirta svæðis, og verður þeim ekki leyft að víkja af aðalvegnum, nema þeir eigi til þess brýnt erindi, enda geri þeir varðmönnum grein fyrir erindi sínu.